

**34.fundur** Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps var haldinn miðvikudaginn 21. 02.2018 kl. 16:30 að Höfðagötu 3 á Hólmanvík. Mætt: Unnsteinn Árnason (Strandabyggð), Hlíf Hrólfsdóttir (Strandabyggð), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshreppi), Oddný Þórðardóttir (Árneshreppi) sem var í síma og María Játvarðardóttir félagsmálastjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá

1. Hækkun á fjárhagsaðstoð
2. Umsóknir um fjárhagsaðstoð

### 1.Hækkun á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps hefur verið umtalsvert lægri en annars staðar á landinu. Á síðasta ári var fjárhagsaðstoð FSR fyrir einstakling á mánuði 141.282. Í Reykjanesbæ var hún 144.283 en í flestum hinum sveitarfélögunum 160.000 og hærri. Félagsmálastjóri lagði fram yfirlit yfir upphæðir sveitarfélaganna í landinu og lagði til hækkun á fjárhagsaðstoð þannig að hún verði sambærileg við sveitarfélögin í nágrenninu.

### Samþykkt að hækka fjárhagsaðstoð fyrir einstakling í 160.000 á mánuði.

Einnig var rætt um að útfæra reglur nánar ef umsækjendur eru ekki með kostnað vegna húsnæðis og félagsmálastjóra falið að koma með tillögu fyrir næsta Velferðarnefndarfund.

## Trúnaðarmál

### 2. Umsóknir um fjárhagsaðstoð

- 1.Sótt er um fjárhagsaðstoð í febrúar. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
- 2.Sótt er um fjárhagsaðstoð í janúar til mars. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
- 3.sótt er um aðstoð til að greiða orkureikning. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
- 4.Sótt er um aðstoð við að greiða orkureikning. Samþykkt og fært í trúnaðarbók
5. Sótt er um fjárhagsaðstoð í febrúar og mars. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.
6. Umsókn um niðurfellingu skuldar við Reykhólahrepp. Samþykkt og fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:30

---

Unnsteinn Árnason

---

Vilberg Þráinsson

---

Jenný Jensdóttir

---

Hlíf Hrólfsdóttir

---

Oddný G. Þórðardóttir